

Fundur í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn á skrifstofu FV á Ísafirði. Mætt voru Pétur G Markan, formaður, Ása Dóra Finnbogadóttir, Ingibjörg Emilsdóttir og Sigurður Hreinsson. Margrét Jómundsdóttir boðaði forföll. Einnig sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri og ritaði fundargerð,

Dagskrá fundarins er sem hér segir.

1. Fundargerð stjórnarfundar 19. Apríl 2016
2. Kynning verkefna FV og Atvest.
 1. Markaðsstofa, Díana Jóhannsdóttir
 2. Menningarsvið, Jón Jónsson
 3. Byggðaðróunarsvið, Lína Björg Tryggvadóttir
 4. Rekstur og samstarfsverkefni, Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdarstjóri
 5. Atvest. Shiran Þórisson, framkvæmdastjóri
3. Aðgerðaráætlun fyrir Vestfirði.
4. Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019
5. Önnur mál
 1. Umsögn til Alþingis, fjármálaáætlun og fjármálastefna
 2. Skipan fulltrúa FV í samráðsvettvang um uppbyggingu innviða ferðaþjónustu.

Formaður bauð nýja stjórn velkomna til starfa en þetta er fundur fyrsti fundur stjórnar eftir 61. Fjórðungsþing. Hann sagði að fundir stjórnar gætu breyst eitthvað með nýjum formanni og mikilvægt væri að stjórn setti sé skýra stefnu og mikið og gott upplýsingaflæði yrði á milli stjórnar og starfsmanna.

1. Fundargerð stjórnarfundar 19. apríl 2016.
Fundargerð hafði áður verið send út til kynningar en óskast nú staðfest. Fundargerð samþykkt.

Nú mættu til fundar starfsmenn FV þau, Díana Jóhannsdóttir, Lína Björg Tryggvadóttir og Jón Jónsson einnig var mættur Shiran Þórisson, framkvæmdastjóri Atvest.

2. Kynning verkefna FV og Atvest.
 1. Markaðsstofa, Díana Jóhannsdóttir
 2. Menningarsvið, Jón Jónsson
 3. Byggðaðróunarsvið, Lína Björg Tryggvadóttir
 4. Rekstur og samstarfsverkefni, Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdarstjóri
 5. Atvest. Shiran Þórisson, framkvæmdastjóri.

Rætt um efni verkefna og samstarf FV og Atvest á grunni þjónustusamnings. Að hluta er skörun í verkefnum þar sem báðir aðilar sinna byggðaðróun og atvinnuþróunarmálum, en með góðu upplýsingaflæði má að mestu leysa úr þeim vankvæðum. Á öllum málavæðum er þörf á auknu fjármagni en niðurskurður frá 2009 hefur enn áhrif á starfsemi.

Díana Jóhannsdóttir, Lína Björg Tryggvadóttir, Jón Jónsson og Shiran Þórisson viku nú af fundi.

3. Aðgerðaráætlun fyrir Vestfirði.
Lögð fram fréttatilkynning frá ríkisstjórn frá 31. maí s.l. á heimasíðu forsætisráðuneytis, um að hafin verði vinna að aðgerðaáætlun fyrir Vestfirði. Hér er svar við erindi stjórnar FV frá fundi hennar þann 15. febrúar s.l.;

að ríkisstjórn skipi nefnd um aðgerðir á Vestfjörðum sem líti að fjárfestingu, verkefnum stofnana og búsetuskilyrðum á Vestfjörðum. Meginmarkmið er að skapa aðstaður í samfélögum og atvinnulífi til að geta nýtt auðlindir svæðisins og skapa vöxt til framtíðar en með sjálfbærni að leiðarljósi.

Formaður gerði tillögu að eftirfarandi ályktun.

Það er fagnaðarefni að kastljóst ríkisstjórnar beinist nú að Vestfjörðum og afar ánægjulegt að ríkisstjórn hafi tekið svo vel í erindi stjórnar FV. Í langann tíma hefur samkeppnisstaða Vestfjarða verið skekkt í samanburði við önnur svæði landsins. Niðurstaðan hefur því verið viðvarandi fólksfækkun.

Fjórðungssamband Vestfirðinga ber miklar vonir við, að afurð nefndarinnar verði nægilega kröftug til að hafa afgerandi jákvæð áhrif á þá byggðaðróun sem átt hefur sér stað á Vestfjörðum undanfarið. Á áherslulisti stjórnar FV er að finna tillögur að verkefnum sem hvert og eitt ætti að hafa burði í sér til að geta orðið vendipunktur í byggðamállum svæðisins, úr vörn í sókn. Væntir stjórn FV að gott samstarf verði við sveitarfélögin á Vestfjörðum við úrvinnslu mála.

Tillagan samþykkt.

4. Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019

Kynnt dagskrá fundar samráðsvettvangs Sóknaráætlunar Vestfjarða sem verður haldinn nú síðar í dag 2. júní í Háskólasetri Vestfjarða, Ísafirði.

Markmið fundarins er endurskoðun markmiða Sóknaráætlunar Vestfjarða 2015-2019. Einnig verður kynning á vinnu að nýrri Byggðaaætlunar 2017-2023 og tillögu um Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum.

5. Önnur mál

1. Umsögn til Alþingis, fjármálaáætlun og fjármálastefna.

Lögð fram umsögn FV dags 24. maí 2016, til fjárlaganefndar Alþingis, um fjármálaáætlun 2017-2021, þingskjal 740 og fjármálastefnu 2017-2021, þingskjal 741.

2. Skipan fulltrúa FV í samráðsvettvang um uppbyggingu innviða ferðaþjónustu.

Lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags 2. maí 2016. *Vinna við landsáætlun um uppbyggingu innviða – greining á uppbyggingarþörf.*

Í bréfinu er kynnt að óskað er tilnefningar tengiliðar að hálfu FV fyrir þetta verkefni og hins sama hefur verið óskað að hálfu sveitarfélaga. Einnig að samvinna verði innan hvers landshluta á milli sveitafélaga, landshlutasamtaka, markaðsstofa og atvinnuþróunarfélaga.

Framkvæmdastjóri gerði tillögu um að Díana Jóhannsdóttir, Markaðsstofu Vestfjarða verði fulltrúi FV í starfshópnum.

Tillagan samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 11.45.

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmastjóri.